



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykólahrepps  
fimmtudaginn 26. janúar 2018, kl. 13.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykóholum.

Mætt: Vilberg Þráinsson, Árný Huld Haraldsdóttir og Ágúst Már Gröndal. Einnig sátu fundinn Valgeir Jens Guðmundsson skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir fh. kennara Reykóhaskóla, Íris Sigþórsdóttir f.h. starfsfólks leikskóladeildar og Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt að taka það á dagskrá undir önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1804010 - Skóladagatal grunnskóladeildar skólaárið 2018 - 2019.

*Skólastjóri fór yfir skóladagatal fyrir skólaárið 2018 - 2019. Nefndin gerði smávægilegar athugasemdir. Skólastjóri lagfærir dagatalið skv. umræðunni á fundinum. Nefndin samþykkir skóladagatal grunnskóladeildar 2018 - 2019. Samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1804011- Skóladagatal leikskóladeildar skólaárið 2018 - 2019

*Nefndin tekur vel undir tillögur skólastjóra. Samþykkt samhljóða.*

#### 3. 1804014 - Skólastefna Reykóhaskóla.

*Skólastjóri kynnti vinnu í skólanum varðandi skólastefnu skólans. Unnið er með Tröppu ráðgjöfum og er á áætlun að kynna hana fljótlega.*

#### 4. 1804012 - Niðurstöður starfsmannakönnunar.

*Farið yfir niðurstöður og þær kynntar.*

#### 5. 1804013 - Niðurstöður foreldrakönnunar.

*Farið yfir niðurstöður og þær kynntar.*

#### 6. 1804015 - Listi yfir börn sem hefja skólagöngu haustið 2018.

*Listi lagður fram til kynningar.*

### Mál til kynningar:

Önnur mál (ef einhver):

7. 1804016 - Samfella í skóla- og tómstundastarfi barna í 1. -4. bekk grunnskóladeildar.

*Tómstundafulltrúi og skólastjóri fóru og kynntu sér samfellu í skólastarfi á Hólmavík fyrir börn í 1. - 4. bekk. Ætlunin er að skoða hvort hægt verði að gera svipaða hluti fyrir börn í Reykhólaskóla. Tómstundafulltrúi og skólastjóri fóru yfir í hverju verkefnið er fólgið. Nefndin tekur jákvætt í hugmyndina og hvetur til þess að haldið verði áfram með að vinna verkefnið. Samþykkt samhljóða.*

Fundargerð lesin, fundi slitið 14:10

_____	_____
_____	_____
_____	_____